

ÞÝSK 2DD05 (A2)

Lýsing

Unnið er sem fyrr með lesskilning, tal, hlustun og ritun, nemendur vinna með ýmis þemu tengd þýskumælandi löndum. Þeir læra og þjálfast í meira krefjandi orðaforða og tileinka sér ný og flóknari málfræðiatrði.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

Meiri og flóknari orðaforða en áður
Góðum framburði, áherslum og hljómfalli tungumálsins
Meginatriðum þýskrar málfræði
Menningu þýskumælandi landa

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

skilja talað mál, þar sem talað er um ýmis málefni
taka þátt í samræðum um ýmis málefni líðandi stundar og tjá skoðun sína, aflað sér munnlegra upplýsinga og svara spurningum um hversdagsleg málefni
skilja texta af ýmsum gerðum, eins og t.d. smásögur og skáldsögur sem sérstaklega eru samdar fyrir nemendur (léttlestrarbækur). Einnig að geta lesið sér til gagns blaðagreinar og ýmsar upplýsingar eða leiðbeiningar
skrifa lengri texta en áður, t.d. bréf, útdrætti úr bókum eða kvikmyndum, stutta leikþætti og myndatexta
nýta sér málfræðikunnáttu, bæði til að skrifa og tala
vinna sjálfstætt og með öðrum

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

tileinka sér innihald texta og skilja það sem sagt er
tjá sig um það sem hann hefur lesið eða heyrt og notað til þess flóknari orðaforða en áður, eins og t.d. ýmis orðatiltæki
túlka og leggja mat á aðstæður sem upp koma
skrifa lengri og flóknari texta en áður

Námsmat

Annareinkunn gildir 60% á móti lokaprófi sem gildir 40%. Inn í annareinkunn reiknast ýmis verkefni, hlutapróf, munnleg próf og hlustunarpróf sem tekin eru jafnt yfir önnina.